

19 Fundur sá, sem ákveður að slita félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa  
21. jan. skuli eignum félagsins og borgun skulda. Jafnframt skal fara ftir fyrir mælum 113. gr. téðra laga, eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. febrúar 1941 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

20

21. jan.

## GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitufélag Seltirninga.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er sé 5% — fimm af þúsundi — af fasteignamatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 10 krónur árlega fyrir hvern vatnskranu utan húss. Þó skal vatnskranu í utan húss þvottahúsi undanþeginn gjaldi þessu.

2. gr.

Skattur fyrir verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal venjulega ákveðinn með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti, samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. febrúar 1941 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1941.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*